



Húð- og snyrtivöruiðnaðurinn þarf að taka sig saman í andlitinu

Á undanförunum árum hefur íslenska nýsköpunarfyrirtækið TARAMAR komið með nýjar, heilsusamlegar lausnir fyrir þá sem vilja, eða hreinlega þurfa, bæta og endurbyggja húðina. Heilarnir á bak við TARAMAR eru hjónin Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskavistfræði, og Kristberg Kristbergsson, prófessor emeritus í matvælafræði, sem hafa þróað og fengið einkaleyfi á byltingarkenndum aðferðum til að framleiða húðvörur án þess að nota eiginleg rotvarnarefni eða nein önnur efni sem geta verið slæm fyrir húð og líkama.

Hreinleiki húðvara er ekkert til að grínast með

Húðvörurnar sem hjónin hafa þróað saman skipta þau persónulega miklu máli, þar sem Rúna hefur sjálf þurft að glíma við húðvandamál um ævina sem hafa verið henni til ama. „Þróunina á TARAMAR má rekja til vandamála sem ég hafði með húð mína. Þegar ég fór að lesa um innihaldsefni í húðvörum, þá átti ég ekki til orð yfir hvað var í gangi. Allir voru að tala fallega um sínar vörur og sögðu að þær væru afburðahreinar og -virkar. Í mörgum tilfellum var erfitt að finna lista yfir innihaldsefnin án þess að fara og kaupa vörurnar og oft voru bara aðalefni listuð, en það eru einmitt aukaefnin sem vert er að hafa áhyggjur af og það er ódýr leið að afvegaleiða fólk með því að lista bara aðalefni upp. Ég var fyrst

hissa eftir að ég fór að skoða innihaldsefnin. Ég var fimmtug og farin að sjá áhrif öldrunar á andlitinu um leið og ég glímdi við mjög erfið húðvandamál sem voru afleiðing af skordýrabiti sem ég hafði fengið þegar ég var í námi í Bandaríkjunum 25 árum fyrr.“

Áhugi Rúnu þróaðist yfir í langtímarannsóknir. Hún komst að þeirri niðurstöðu að efnin sem notuð eru í krem og snyrtivörur gætu haft gríðarlega skaðleg áhrif. „Athuganir mínar á innihaldsefnum, sem síðar breyttust í langtímarannsóknir, sýndu að þeir sem voru að blanda þessar vörur báru ekki hagsmuni neytenda fyrir brjósti. Þar var að finna mörg efni sem eru í raun hræðileg, svo sem formalín, stöðefni notuð í byggingar- og bílaidnaði og mörg hormónaruglandi

efni sem og efni sem við nánari athugun kom í ljós að voru tekin hratt upp í gegnum húðina og settust að í líffærum og lifandi vefjum líkamans, þar sem þau gátu haft eitrandi og jafnvel krabbameinsvaldandi áhrif. Í raun varð ég öskureið þegar ég kynnti mér þetta og mér blöskraði hvernig fyrirtæki gátu talað annars vegar um hvað þau voru hrein, notuðu eingöngu „free trade“ og sjálfbær innihaldsefni á meðan þau smeygðu inn bakdyramegin skelfilegum efnum sem hreinlega gátu verið skaðleg og blönduðu þeim saman við hin svokölluð hreinu efni.“

Loforð á loforð ofan

Guðrún vill meina að framleiðendur snyrtivara í dag kasti fram fullyrðingum án þess að geta staðið við þær. „Í dag veit ég að þetta fyrirbæri, þar sem allir framleiðendur staðhæfa að þeirra vörur séu hreinar, öruggar og náttúrulegar, án þess að geta í raun staðið við þessar staðhæfingar, er kallað „greenwashing“. Þessi markaðssetning tröllríður snyrti- og húðvöruiðnaðinum í dag og neytendur hafa enga leið til að finna út það rétta til að vita hverjum þeir eiga að treysta.“

Heiðarleikinn skiptir máli

Heiðarleiki skiptir Rúnu höfuðmáli og hefur það orð verið lykilorð þegar kemur að allri markaðssetningu þeirra á vörum sem TARAMAR framleiðir. „Þar sem ég hafði upplifað þessi svik á eigin skinni, sem venjulegur neytandi áður en TARAMAR verkefnið hófst, þá var ég ákveðin í því að TARAMAR myndi einkennast af heiðarleika og að aldrei yrðu farnar leiðir í þróun á uppskriftum sem gætu á nokkurn hátt haft skaðleg áhrif á menn eða umhverfi. Það gerir enginn sér grein fyrir hvað þetta í raun og veru þýðir, en að fara þessa leið er margfalt dýrara og krefst mikillar vinnu og mælinga á öllum efnum. Jafnvel þótt efni hafi lífræna vottun, sérstaklega ef þau koma erlendis frá, þá geta þau innihaldið leifar af skordýraeitri, illgresiseyði eða sveppaeitri sem hefur borist inn á akrana annars staðar frá, eða hreinlega verið úðað á akrana án eftirlits. Og hvað þá með náttúruleg efni sem eru ekki vottuð. Þessi efni eru í öllum tilfellum gegnsósa af eitrefnum. Sem dæmi þá eru akrarnir í Norður-Ameríku úðaðir 5-7 sinnum á ári með eitrandi efnum sem eiga að drepa skordýr, illgresi og sveppi. Þetta eitur sest að í lifandi vefjum og kemur með náttúrulefnunum inn í húðvörurnar. Neytendur hafa enga leið til að meta hvort vörurnar innihalda mikið af þessum efnum, þeir geta í besta falli valið vörur með lífrænt vottuðum innihaldsefnum.“


Þá hafa framleiðendur í hinum stóra heimi snyrtivara reynt að komast fram hjá reglum hvað varðar ýmiss konar efni og magn sem má setja í húðvörur að sögn Rúnu. „Hvað

varðar önnur efni, eins og parabenin, benzyl afleiðurnar, phenoxyethanol og glyclo, sem finnast í eiginlega öllum húðvörum, þá geta neytendur lesið innihaldslýsingarnar og reynt að varast þessi efni. Sum af þeim eru leyfð í litlu magni eins og phenoxyethanol sem má ekki nota í meiri styrkleika en 1%, en eftirlitsmælingar hafa sýnt að framleiðendur setja oft mikið meira í vörurnar.“

Notast aðeins við íslenskar lífrænar afurðir

Það er mikil lukka fyrir þau að vera svo nálægt góðu hráefni sem er hægt að nota í vörur fyrirtækisins, enda telur Rúna það gífurlega mikilvægan þátt í vörunum. „Við erum svo lánsöm að hafa aðgang að úrvalshráefni hér á Íslandi. Þannig er ein öruggasta leiðin til að forðast falin, eitrandi efni í náttúrulegum afurðum, að framleiða efnin sjálf eða kaupa þau af fólk sem stundar lífrænan búskap. Við fáum jurttir og þang frá Bláskel í Breiðafirði, Í skjóli Skyggis í Grímsnesinu og Móður Jörð á Fljótshálsá. Þessar náttúruafurðir eru afburðahreinar, gríðarlega öflugar og bera af öllu sem við höfum séð, en við höfum í gegnum tíðina fengið hundruð af sýnum af jurtum og þangi alls staðar að af hnettinum.“

Þá segir Guðrún að hún standi standi og falli með vörunum sem TARAMAR framleiðir. „Til að losna við öll erfiðu og hormónaruglandi, manngerðu efnin, þá þróuðum við nýja aðferð sem gerir okkur kleift að setja saman formúlur án þess að nota eiginleg rotvarnarefni, eða nein af þeim óæskilegu efnum sem almennt finnast í svo til öllum húðvörum. TARAMAR stendur við það, að fólk getur treyst því 100% að vörurnar eru hreinar og öruggar og ekkert í gangi sem ekki má segja frá.“



Rannsóknir á rotvarnarefninu phenoxyethanol sýna að það hefur eitrandi áhrif á lifandi vefi. Hér má sjá áhrif þessa efnis á röturvöxtur við styrkleika 0, 2, 5 og 10 mM